



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland



# Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2016

Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

2018

*Ritstjórn*

Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

*Ljósmyndir*

Sjá myndaskrá aftast

*Ljósmynd á forsíðu*

Kirkjugarðurinn í Keflavík á Hegranesi við lok uppgraftar  
Ljósmynd: Guðný Zoëga

© 2018

Minjastofnun Íslands  
Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

Öll réttindi áskilin

ISBN 978-9935-9403-3-9

**Minjastofnun Ísland**

Suðurgata 39  
101 Reykjavík  
Ísland  
(354) 570 13 00

[postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

## Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>Inngangur .....</b>	<b>5</b>
<b>2.</b>	<b>Reykjavík og nágrenni.....</b>	<b>6</b>
2.1	Krýsuvík - Undirhleðsla kirkju, grefrarholur fyrir festingar kirkju og kirkjugarðsveggir .....	6
2.2	Framkvæmdaeftirlit við Byggjarða á Seltjarnarnesi.....	8
2.3	Könnunarskurðir vegna staðkunar urtagarðs í Nesi, Seltjarnarnesi .....	10
2.4	Fornleifarannsókn í Nesi við Seltjörn, bæjarstæði Móakots.....	12
2.5	Rannsókn á sniðum á horni Mýrargötu og Seljavegar í Reykjavík.....	14
2.6	Framkvæmdaeftirlit á lóð Vesturgötu 18 .....	16
2.7	Aðalstræti 2, Geysishús .....	18
2.8	Landssímareitur .....	19
2.9	Könnun mannvistarleifa austan Lækjar.....	21
2.10	Laugavegur 4-6.....	23
2.11	Fornar rætur Árbæjar.....	25
<b>3.</b>	<b>Vesturland .....</b>	<b>27</b>
3.1	Fornleifarannsókn á mannvistarlögum í hitaveituskurði í landi Stóru Drageyrar í Skorradal .....	27
3.2	Eftirlit með lagningu ljósleiðara í Bæjarsveit, Borgarbyggð.....	29
3.3	Arnarstapi – Commodity Entaglement – The archaeology of the danish trade monopoly .....	31
3.4	Miðvellir - Commodity Entaglement - The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787 .....	33
3.5	Hólahólar - Commodity Entaglement - The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787 .....	35
3.6	Identifying 15 <sup>th</sup> century sites in Snæfellsbær .....	37
3.7	Bjarnarhöfn.....	38
3.8	Helgafell – Klaustur á Íslandi .....	40
<b>4.</b>	<b>Vestfirðir.....</b>	<b>41</b>
4.1	Rannsókn á skipsflaki Melckmeyt í Flatey .....	41
4.2	Könnunarskurðir á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu .....	43
4.3	Könnunarskurðir vegna Örlygshafnar í Patreksfirði.....	45
4.4	Framkvæmdaeftirlit í Aðalstræti á Patreksfirði.....	46
4.5	Hrafnseyri – Arnarfjörður á miðöldum .....	48
4.6	Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum .....	50
4.7	Könnunarskurðir í landi Neðra Hnífsdals .....	52
4.8	Investigation of charcoal-making pits at Kolgrafarvík, Árneshreppur .....	53

4.9	Könnun á eðli og umfangi minja í rofi í Sandvík á Ströndum .....	55
4.10	Strákey við Eyri í Kaldrananeshreppi .....	56
<b>5.</b>	<b>Norðurland vestra.....</b>	<b>58</b>
5.1	Bjarg í Miðfirði .....	58
5.2	Þingeyrar – borkjarnarannsóknir .....	60
5.3	Þingeyrar í Húnabpingi - Klaustur á Íslandi.....	62
5.4	Rannsóknarskurðir á 12 jörðum í Skagafirði - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjordur, North Iceland .....	64
5.5	Borkjarnataka á Hegranesþingi - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjordur, North Iceland.....	66
5.6	Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjordur, North Iceland - Kjarnaboranir .....	67
5.7	Fornbýli Landscape and Archaeological Survey on Hegranes (FLASH): The Archaeological Investigation of Erosion and its Effect on Social Processes in the Arctic .....	69
5.8	Uppgröftur kirkju og kirkjugarðs í Keflavík, Hegrnesi .....	71
5.9	Eyðibýli og afdalir Skagafjarðar X .....	73
5.10	Framkvæmdaeftirlit vegna hitaveitu í Fljótum .....	75
5.11	Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar – uppgröftur í kirkjugarði Sléttu, Fljótum .....	77
<b>6.</b>	<b>Norðurland eystra.....</b>	<b>79</b>
6.1	Möðruvellir – Klaustur á Íslandi .....	79
6.2	Frumdægur Akureyrar .....	81
6.3	Munkaþverá – Klaustur á Íslandi.....	83
6.4	Fornleifarannsókn í landi Narfastaða .....	85
6.5	Hofstaðagarðshorn .....	87
<b>7.</b>	<b>Austurland .....</b>	<b>88</b>
7.1	Stöð í Stöðvarfirði. Fornleifarannsóknir á skála frá 9. öld og fleiri rústum .....	88
<b>8.</b>	<b>Suðurland .....</b>	<b>89</b>
8.1	Kumlfundur við Eldvatn, Skaftártungu.....	89
8.2	Skarðssel í Landsveit .....	91
8.3	Keldur á Rangárvöllum – Klaustur á Íslandi .....	92
8.4	Skálholt. Nemendauppgröftur .....	93
8.5	Rúst í Hveradölum .....	95
<b>9.</b>	<b>Reykjanes .....</b>	<b>96</b>

9.1	Keflavíkurflugvöllur. Deiliskipulag vestursvæðis - flugstöðvarsvæði.....	96
<b>10.</b>	<b>Aðrar rannsóknir .....</b>	<b>98</b>
	<b>Myndaskrá .....</b>	<b>99</b>

## 1. Inngangur

*Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 veitir Minjastofnun Íslands leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, setur reglur um veitingu leyfa og hefur eftirlit með þeim.*

*Í 11. lið 4. gr. Reglna nr. 339/2013 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér segir:*

*Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Minjastofnunar eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Minjastofnun Íslands mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.*


Nú hefur verið unnið úr þeim eyðublöðum sem bárust fyrir árið 2016 og má sjá fyrstu niðurstöður þeirra rannsókna sem veitt var leyfi til það ár hér á eftir.

Eru upplýsingar eyðublaðanna byggðar á vettvangsskrám en sérfræðigreiningum og úrvinnslu var ekki lokið. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki í stað áfanga- eða lokaskýrslu hvarrar rannsóknar fyrir sig.

Rannsóknirnar eru settar upp í kafla eftir minjasvæðum þannig að byrjað er á höfuðborgarsvæðinu og og farið réttisælis kringum landið og endað á Reykjanesi.

Dreifing rannsókna árið 2016 var nokkuð jöfn yfir alla landshluta að undanskildum Austurlandi og Reykjanesi þar sem einungis ein rannsókn fór fram á hvoru svæði.

Rannsóknum á Vesturlandi fjölgæði hlutfallslega mest á milli ára, úr tveimur í átta, en fjölgun var einnig nokkur á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Rannsóknir á Norðurlandi eystra voru nokkuð færri en árið 2015, eða fimm árið 2016 en 10 árið 2015.



Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2016. Númerin vísa til kafla í skýrslunni.


## 2. Reykjavík og nágrenni



Mynd 2. Krýsuvíkurkirkja. Yfirlit yfir kirkjuggrunninn, horft í suðaustur. Ljósmynd: Heiðrún Eva Konráðsdóttir.

### 2.1 Krýsuvík - Undirhleðsla kirkju, greftrarholur fyrir festingar kirkju og kirkjugarðsveggir

<b>Leyfishafi:</b> Katrín Gunnarsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Byggðasafn Hafnarfjarðar
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016100099	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-80
<b>Staðsetning:</b> A 349535 N 377484	<b>Póstnúmer:</b> 220 Hafnarfjörður
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 31.10.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.12.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppröftur



Engin endanleg niðurstaða er komin í rannsóknina þar sem verkið hefur ekki enn verið klárað sökum tafa. Tilgangur rannsóknarinnar var að hafa eftirlit með framkvæmdum í Krýsuvík vegna fyrirhugaðrar undirhleðslu undir hina nýju kirkju. Eftirlit var haft með framkvæmdum verktaða á svæðinu. Annars vegar við hleðslu á vegg við suður- og austurhlið kirkjugarðs sem er um 8 metra frá kirkjunni og hins vegar eftirlit með undirbúningsvinnu fyrir hleðslu undir kirkjunni.

Við gröft fyrir hleðslu veggjar við suðurhlið kirkjugarðsins, sem tekinn var inn í brekku, kom í ljós snið sem teiknað var upp og ljósmyndað. Þrjú sýni voru tekin úr sniðinu fundust bein sem talin eru vera mannabein. Yngri öskuhaugur kom í ljós við suðvestur enda kirkjugarðsins og má ætla að hann sé frá þeim tíma er síðast var búið í Krýsuvík. Þegar Magnús Jónsson bjó í Krýsuvíkurkirkjunni eftir að kirkjan var afhelguð, á árunum 1930-1947. Allt lauslegt grjót og gróður var hreinsað af hleðslugólfí kirkjunnar. Teknir voru upp steinar sem tilheyra eldri undirhleðslu kirkjunnar, hrингinn í kring um

gamla kirkjugólfíð, og jarðvegur undir þeim var skoðaður. Kirkjugarðsveggir voru mældir og teiknaðir upp.

Þegar grafnir voru skurðir meðfram hleðslugólfí kirkjunnar á norður- og suðurhlið komu í ljós veggir eldri kirkju sem hefur verið breiðari en kirkjan sem brann 2010. Má ætla að hleðslan sé frá kirkjunni sem byggð var árið 1841 samkvæmt heimildum, vistasía 30. ágúst 1841.

Framkvæmdir stöðvuðust um miðjan desember vegna veðurs. Enn á eftir að grafa holur fyrir festingum fyrir kirkjuna og hlaða undirhleðslur kirkjunnar. Óljóst er hvenær framkvæmdunum verður haldið áfram. Til stóð að nýja kirkjan yrði flutt á hleðsluna 2017 en það freastar þar til verkið verður klárað.

### **English Summary**

The excavation has not yielded any final results on account of the project not being finished due to delays. The purpose of this year's work was to monitor the preparation for the foundation of the new church in Krýsuvík. Contractors were building walls on the south and east side of the cemetery, which is around 8 meters from the church, as well as preparing the foundations under the church.

While digging for the wall at the south side of the cemetery, which was in a hill, the profile was drawn and photographed. Three samples were taken from the profile. There were some bones in the profile that are thought to be human remains. A younger midden was found at the southwest end of the cemetery and it is presumed that it is from the last occupation period in Krýsuvík, when Magnús Jónsson lived in the church after it was de-consecrated, in the years 1930-1947.

All loose rocks and vegetation was cleaned from the church floor. Stones along the perimeter of the foundation of the older church were removed and the soil beneath them was inspected. The wall of the cemetery was measured and drawn.

While digging around the church floor on the north and south side of the church floor walls of an older church appeared. That church had been wider than the one that burned in 2010. It can be presumed that the walls are from the church that was built in 1841 according to church documents.

The project came to a halt in the middle of December due to weather conditions. The fixings and the foundations remain to be built. It is unclear when the construction will resume. The plan was to place the new church on the foundations in 2017 but has been delayed until the project is finished.



Mynd 3. Bygggarðar á Seltjarnarnesi, framkvæmdasvæði. Horft í norðaustur. Ljósmynd: Nicola Trbojevic.

## 2.2 Framkvæmdaeftirlit við Bygggarða á Seltjarnarnesi

<b>Leyfishafi:</b> Nikola Trbojevic	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016080016	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-59
<b>Staðsetning:</b> A 353775 N 410035	<b>Póstnúmer:</b> 170 Seltjarnarnes
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 16.08.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 16.08.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdaeftirlit	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Fornleifaeftirlit vegna framkvæmda við lagningu hjólastígs við suðurhluta bæjarhóls Bygggarðs á Seltjarnarnesi var unnið af Fornleifastofnun Íslands að beiðni Seltjarnarnesbæjar en um vinnuna við hjólastíginn sá Loftorka ehf. Framkvæmdasvæðið sem vaktað skyldi skv. fyrirmælum frá Minjastofnun Íslands var um 45 metra langt og breiddin um 2,5 metrar. Dýpt vegna jarðvegsskipta á þessum stað skyldi ekki vera meiri en um 0,40-0,45 metrar til að sem minnst rask yrði á mannvistarleifum.

Í ljós kom að svæðið var þegar allmikið raskað frá þeim tíma er vegurinn Norðurströnd var lagður en mannvistarleifar voru þó á þeim hluta svæðisins sem er næst bæjarhólnum.

Engin merki mannvirkja sáust í skurðinum en tvö ruslalög, móöskulög, voru skráð. Í smærri ruslaginu fundust skeljar og dýrabein, en varðveisla þeirra var slæm. Telja verður víst að þau mannvistarlög sem í skurðinum fundust tengist búsetu fólks í Bygggarði en ekki var hægt að aldursgreina mannvistarlefarnar sem í ljós komu á framkvæmdasvæðinu þar sem hvorki gjóskulög né gripir fundust.

### English Summary

Archaeological monitoring of development-related machine-excavation was conducted at Byggðarður, Seltjarnarnes, by the Institute of Archaeology, Iceland, following an agreement with the municipality of Seltjarnarnes and the development company Loftorka.

The excavation at the development area implied removal of a ca. 45 m long strip of soil, ca. 2.5 m wide and ca. 0.45 m deep.

The excavation revealed that a large proportion of the site was already truncated by an earlier development work when foundations for the Norðurströnd street were laid down.

The excavation revealed only two unstructured midden deposits, both peat-ash rich.

The smaller deposit contained remains of crushed shell and decayed animal/fish bones.

The lack of finds and/or *in situ* tephra prevents the approximate dating of the deposits.

Still, owing to wider context of their location, they can probably be linked to the neighbouring farm mound of Byggðarður.



Mynd 4. Stækkun urtagarðs í Nesi á Seltjarnarnesi. Stærri skurðurinn grafinn niður í óhreyft. Engin merki um mannvist fundust. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

## 2.3 Könnunarskurðir vegna stækkunar urtagarðs í Nesi, Seltjarnarnesi

<b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016060061	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-37
<b>Staðsetning:</b> A 353746 N 409532	<b>Póstnúmer:</b> 170 Seltjarnarnes
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 29.6.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 29.6.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort minjar leyndust undir sverði vegna nálægðar við bæjarhólinn í Nesi og hina fornu kirkju sem stóð um 50 m norður af svæðinu. Áformað var að stækka urtagarð í útjaðri bæjarhólsins í Nesi. Grafnir voru tveir skurðir með gröfu. Lengri skurðurinn var 11 m á lengd, 1 m á breidd og 110-130 cm á dýpt. Skurðurinn var tekinn horn í horn frá norðaustri til suðvesturs og náði yfir allt fyrirhugaða framkvæmdasvæðið. Hinn skurðurinn var mun minni eða um 2 x 1 m og var gerður þar sem fyrirhugað kennslusvæði á að vera.

Grafið var niður á óhreyft lag. Engar mannvistarleifar fundust í skurðinum ólíkt því sem fannst þegar rannsókn var gerð á svæðinu árið 2013. Greinilegt er að kálgarðurinn sem þarna var hefur verið plægður og hann stunginn upp

reglulega. Eina lagið sem fannst var um 1 m þykkt lag af hreyfðum jarðvegi úr kálgarðinum. Engin gjóskulög fundust vegna þess að jarðvegurinn var svo umsnúinn. Næsta lag var óhreyft lag af gömlum sjávarbotni. Sama var að segja um minni skurðinn sem tekinn var þar sem kennslusvæðið á að vera.

Engar minjar eða mannvistarlagr verða því fyrir röskun vegna framkvæmda við stækkun urtagardís í Nes í Seltjörn

### **English Summary**

The research was made because of plans to expand a botanic garden at Nes. The garden is located on the border of the farm mound at Nes and close to the location of a church in the past.


The two test trenches were made with an excavator. The longer one 11 m long, 1 m wide and 110- 130 cm in depth. The test trench was made diagonally from north-east to south-west and covered the entire area where the expansion of the botanic garden was planned. The second trench, much smaller, 2 x 1 m and was made in an area where a teaching area is planned. The trench was dug down to an undisturbed layer. No cultural layers were found in either trench. It was clear that the soil down to one meter was disturbed most likely because of an old potato field that was there for a long time.



Mynd 5. Móakot í Nesi á Seltjarnarnesi. Uppgraftarsvæðið við lok uppgraftar 2016. Myndin er tekin úr flygildi í norðausturátt. Ljósmynd: Gísli Pálsson.

## 2.4 Fornleifarannsókn í Nesi við Seltjörn, bæjarstæði Móakots.

<b>Leyfishafi:</b> Sólrun Inga Traustadóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015040125	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-21
<b>Staðsetning:</b> A 353755 N 409714	<b>Póstnúmer:</b> 170 Seltjarnarnes
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 11.5.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 3.6.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppröftur



Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um efnismenningu hjáleigu frá 18. öld og veita fornleifafrædinum uppgraftarreynslu, en uppröfturinn er hluti af námi þeirra í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Við uppröftinn árið 2016 var eitt mannvirki fjarlægt (bygging B) á NV-hluta uppgraftarsvæðisins en undir því komu í ljós önnur mannvirki; bogadregin veggjahleðsla [97] og önnur eldri hleðsla [98] sem gengur inn í hleðslu [97], einnig ferhyrnd bygging (D) sem gengur undir í N- og V- sniði uppgraftarsvæðisins. Ásamt þessu var veggur grafinn fram sem tilheyrir bæði byggingu A og C en byggingarnar liggja í sömu stefnu. Í honum er að finna tölувert magn af gjósku úr Kötlu frá árinu 1500. Eldri mannvirkin sem komu í ljós í ár eru með aðra stefnu en yngri húsin og er búist við að eldri byggingar liggi undir sverði norður af uppgraftarsvæðinu. Upp við norðurbakkann, í grennd við raskaðar steinahleðslur, kom í ljós snældusnúður úr steini (grágrænn, mögulega úr Esjunni). Slíkir snældusnúðar finnast oftast í eldri mannvistarlögum, frá miðöldum eða víkingaöld.

Einnig fundust nokkur úrgangslög, eða ruslalög sem innihéldu mikið magn af dýrabeinum, mest var þó úr fiski, ásamt bláskel, skeljahismi, rónöglum og önglum. Aðrir gripir sem fundust eru tvær sexhyrndar bláar glerperlur, naglar, koparhnappur með munstri, gjall, gler, bæði úr vínflöskum og rúðugler, leirker; hvítleir - ýmis brot úr flátum, rauðleir - fótur af potti, brot af kakelofni o.fl. og steinleir - brot úr smyrslabaukum. Einnig krítarpípubrot og koparþynnur.

Út frá mannvirkjum og gripum að dæma er greinilegt að minjar á bæjarstæði Móakots eru eldri en greint er frá í rituðum heimildum og stefnt er að áframhaldandi rannsókn á bæjarstæðinu á næstu árum.

### **English Summary**

The aim of the research is to gather information on the material culture of a tenancy in the 18<sup>th</sup> century as well as give archaeology students at the University of Iceland excavation experience, the excavation being a part of their study at the University. One structure was removed this year, structure B - which was contemporary with the later phase of building, C. After removal of structure B a number of older turf wall structures were revealed; one with a circular shape [97] and two of an earlier date [98]. [98] shares the same alignment as building D - a square structure that lies beneath building B. All are situated in the NW part of the excavation area and some seem to extend north and west - beyond the limit of excavation, and amongst the disturbed remains of yet another stone structure (yet to be examined). Close to this structure a stone spindle whorl was found, the material of which is possibly derived from the mountain of Esja in Kjalarnes, about 10 km north of Reykjavík. Usually this type of stone spindle whorls is to be found in contexts from earlier periods in Iceland, i.e. from the Middle Ages or the Viking Age.

The connection between structure A and C was also established. These share a turf wall containing tephra from Katla 1500.

Extensive shell-and fishbone deposits were excavated that included iron rivets, nails and fish hooks. Other artifacts unearthed this year were two blue hexagonal glass beads, copper plates, a button with a flower decorative pattern, slag, clay pipes, glass - both window and bottle and a number of different types of ceramics: redware of various kinds - e.g. glazed stove fragments and a foot from a tripodal pot, whiteware: various 19<sup>th</sup> and 18<sup>th</sup> century vessels and stoneware ointment jars.


It is evident that the archaeological remains at Móakot go further back in time than reported in the written records about the farm. Further investigation will be carried out at the site in the following years.



Mynd 6. Ruslalög ofan á torfi og grjóti í norðursniði, undir Mýrargötu í Reykjavík. Ljósmynd: Vala Garðarsdóttir.

## 2.5 Rannsókn á sniðum á horni Mýrargötu og Seljavegar í Reykjavík

<b>Leyfishafi:</b> Vala Garðarsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> VG-fornleifarannsóknir
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070030	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-50
<b>Staðsetning:</b> A 356454 N 408792	<b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 9.7.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 11.7.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs



Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvers eðlis þau mannvistarlag voru sem komu í ljós við framkvæmdir á svæðinu. Steypubrot og grágrýtisbrot frá fyrri framkvæmdum voru víða og töluvert af nútíma efni sem tilheyrðu framkvæmdum frá miðri síðustu öld. Það sem eftir var af fornleifum sást í norðursniði undir Mýrargötu og geta verið frá 18. öld eða jafnvel eldri. Heimildir eru til um torfbæ á þessu svæði frá þessum tíma, ásamt minni mannvirkjum er honum tilheyrðu. Ummerki þessara mannvirkja sjást í sniðinu ásamt þeim mannvistarlagum er því húshaldi fylgdi þ.e. rusla- og öskulög sem innihalda að mestu steinkol og kol, brenndan mór, ösku, skeljabrot, dýrabreið, gjall o.p.h. lífræn efni. Þessi svokölluðu ruslalög eða ruslahaugur er annar fasi ofan á torfvegg sem að öllum líkindum hefur verið hluti af bænum sjálfum eða úтиhusi er honum tilheyrði. Þó er erfitt að fullyrði eitt né neitt þrátt fyrir að sniðið birti þessa mynd. Frekari opnun þyrfti að eiga sér stað til að staðfesta hlutverk torfveggjarins nánar. Því er mikilvægt að rannsaka svæðið undir Mýrargötu ef áætlað er að fara í framkvæmdir þar í framtíðinni.

### **English Summary**


The main purpose was to investigate the nature of the cultural layers exposed during building constructions on the site called Nýlendureitur. The profile facing the so called Nýlendureitur (a construction site) under Mýrargata showed cultural layers probably dating back to the 18th century. According to written sources a known 18th century farmstead was in the vicinity, as well as smaller buildings belonging to the household. The midden layers in the profile as well as turf bits and indication of a smithy support that history.



Mynd 7. Vesturgata 18 í Reykjavík, framkvæmdasvæðið. Horft til norðausturs. Ljósmynd: Nikola Trbojevic.

## 2.6 Framkvæmdaeftirlit á lóð Vesturgötu 18

<b>Leyfishafi:</b> Nikola Trbojevic	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070063	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-56
<b>Staðsetning:</b> A 356765 N 408561	<b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 2.8.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 8.8.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdaeftirlit	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Fornleifaeftirlit vegna framkvæmda á lóð Vesturgötu 18 var unnið af Fornleifastofnun Íslands ses. að beiðni Mannverks. Framkvæmdasvæðið var um 126 m<sup>2</sup>. Þegar svæðið var opnað og jarðvegur fjarlægður komu í ljós leifar steinsteypts mannvirkis og enn eldri leifar öskuhaugs. Mannvirkið var um 0,5 m undir yfirborði og var umfang þess um 64 m<sup>2</sup>. Þessi bygging er ekki talin eldri en frá miðri 20. öld.

Öskuhaugur, sem er eldri en steinsteypta mannvirkið, kom í ljós á suðausturhluta svæðisins. Öskuhaugurinn samanstendur aðallega af móöskulögum og var nokkurra sentímetra þykkur. Í honum fundust nokkrir gripir s.s. gler, leirkar og þakflísar úr steini en alla þessa gripir má tímasetja innan tímabilsins frá seinni hluta 19. aldar til fyrri hluta 20.

### English Summary

Archaeological monitoring of development-related machine excavation at Vesturgata 18 was carried out by the Institute of Archaeology, Iceland upon the request of Mannverk. The excavated area was approximately 126 m<sup>2</sup>. The removal of the ground layer revealed an extensive modern concrete-built architectural feature and the remains of a peat-ash rich deposit.

The concrete-built feature was identified at the approximate depth of ca 0,5 m and it covered an area of ca. 64 m<sup>2</sup>. This feature may be dated to the mid- to late-20<sup>th</sup> century.


Peat-ash rich deposit, few centimetres thick and older than the concrete feature, was identified in the south-east corner of the area. Few finds were identified in this layer (e.g. glass, roof-slate stones and ceramics) which can be dated to late 19<sup>th</sup>/early 20<sup>th</sup> century.



Mynd 8. Aðalstræti 2 í Reykjavík. Framkvæmdasvæðið að lokinni rannsókn. Horft í norðvestur.  
Ljósmynd: Nicola Trbojevic.

## 2.7 Aðalstræti 2, Geysishús

<b>Leyfishafi:</b> Hildur Gestsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016030060	<b>Númer Pjóms:</b> 2016-02
<b>Staðsetning:</b> A 356861 N 408422	<b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 6.4.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 14.4.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppröftur




Framkvæmdaeftirlit við Aðalstræti 2, Reykjavík. Eftirlitið var haft í þeim tilgangi að fylgjast með framkvæmdum og bera kennsl á, skrá og grafa upp, ef til þess kæmi, mannvistarlög á framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdasvæðið lá fast norðan við húsið, var c. 80 m<sup>2</sup> (c 5 x 16 m). Niðurstaða rannsóknarinnar var að svæðinu hafði verið mikið raskað af fyrri framkvæmdum og lögnum, auk þess sem trjáraetur höfðu raskað suðausturhluta svæðisins. Eina mannvistarlagið sem skráð var, var 25 cm þykkt móöskulag í norðvesturhorni uppgraftarsvæðisins.

### English Summary

A monitoring of development-related machine-excavation north of Aðalstræti 2 (on the corner of Aðalstræti and Vesturgata, Reykjavík), was undertaken in order to identify, record and if necessary excavate eventually uncovered archaeological features. The excavation area (oriented NW-SE) was c. 80 m<sup>2</sup> (c 5 x 16 m). The excavation revealed that the area was already heavily disturbed by a fairly recent development work. In addition the south-eastern part of the area was also heavily disturbed by tree-roots. In brief, no substantial, structural archaeological features were identified or noticed in the excavated area. The excavation revealed only few deteriorated unstructured layers and deposits of different kinds. Most noteworthy of those was (at some places up to 25 cm thick) peat-ash layer, positioned in the N-NW corner of the area, c. 70 cm beneath the surface. The layer extended further towards north, outside of the boundaries of the area and its remains were clearly visible at the end of excavation in the N-NW profile of the area.



Mynd 9. Ruslalög ofan á torfi og grjóti í norðursniði, undir Mýrargötu í Reykjavík. Ljósmynd: Vala Garðarsdóttir.



## 2.8 Landssímareitur

<b>Leyfishafi:</b> Vala Björg Garðarsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> VG Fornleifarannsóknir
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015110030	<b>Númer Þjóms:</b> 2015-79
<b>Staðsetning:</b> A 356876 N 408279	<b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.2.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.7.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu var grafið á fjórum svæðum við Landssímahúsið svokallaða við Kirkjustræti. Uppgraftarsvæðið var um 1700 m<sup>2</sup> og var svæðið skilgreint svo: Kirkjustræti að sunnanverðu, Thorvaldsensstræti að austanverðu, Fógetagarður að vestanverðu og Vallarstræti að norðanverðu. Svæðinu var skipt upp í A, B, C og D hluta. A og B – Kirkjustræti frá Fógetagarði að Thorvaldsensstræti, C - frá Aðalstræti 7 að Vallarstræti 4, D - Gamli Kvennaskólinn (NASA). Öll svæðin voru verulega röskuð en á þeim fundust minjar frá fyrstu tíð til nútíma.

Svæði A: Vestast á svæði A var hluti Víkurkirkjugarðs og voru þar grafnar upp 32 grafir með 32-60 einstaklingum. Að auki voru hundruðir mannabeina í róti og hreyfðum jarðlögum.

Veggjarbrot og mannvistarleifar ásamt gripum og dýrabeinum frá fyrstu tíð voru fyrir í jörðinni áður en greftrun í Víkurkirkjugarði hófst. Ekki er hægt að segja með vissu eins og staðan er í dag, hvers eðlis þau mannvirki eða mannvistarleifar eru, ítarraannsóknir og úrvinnsla mun vonandi skýra eðli og umfang þeirra betur. Bendir ýmslegt til þess að um verkstæði sé um ræða er gæti tengst vinnslu á ull, vefnaði og/eða skyldu handverki en ótímabært að greina nánar frá að svo stöddu. Mörk kirkjugarðsins voru greinileg og var hann um 50% af svæði A- Austan við hann líkt og annarsstaðar voru mannvirki og

mannvistarlög víða rofin. Mannvistarleifar frá upphafi landnáms til 20. aldar voru á þessu svæði. Þykir nokkuð ljóst að þau mannvistarlög sem aldurgeind eru aftur til 9. aldar voru utandyra þar sem opið svæði hefur verið- skepuhald t.a.m.

Svæði B: Þar var tún- og/eða bæjargarður frá landnámsöld. Þessi garður, líkt og aðrar minjar á svæðinu er rofin víða en ljóst þykir að um garðlag er að ræða.

Liggur hann í austur/vestur að Thorvaldssenstræti – en tekur sveig til norðurs-en þar sem grunnur íveruhús apótekarans var reist á horninu við Kirkjustræti árið 1832 - er ómögulegt að segja hversu austur- eða norðarlega hann náði.

Minjar frá því 1700-1900 voru á svæðinu en verulega raskaðar. Heimildir um mannvirki frá 18. og 19. öld, stangast ekki á við fornminjarnarnar.

Svæði C: Líkt og önnur svæði, var verulega raskað. Minjar frá fyrstu tíð til nútíma: utandyra verk- og vinnslusvæði frá 9/10.öld - Gripir benda m.a. til járnvinnslu og útgerðar. Yfir 10 stk af bátasaumi fundust á svæðinu ásamt sleggjum, brýnum, hefðbundnum járnnögnum, kvarnasteinsbrot, hverfisteinsbrot, tinnur og fleira. Miðaldaminjar virðast hafa verið á svæði C en þær eru of brotakennar til þess að draga ályktun sem stendur. Hleðsla frá tínum Innréttninganna var vestast á svæðinu ásamt húsagrunni frá 1882.

Svæði D var innanhúss í NASA og fundust þar mannvistarlög og mannvirkjaleifar, m.a. brunnur.

### **English Summary**

Part of Víkurkirkjugarður dated back to the 16th -18th century was excavated. The area was quite disturbed due to later constructions. The cemetery was excavated from February 2016 until August 2016 (area A). 32 graves diagnosed. Partially undisturbed graves were 22 in total. The total number of individuals buried in this part of the cemetery is still unknown.

Cultural remains dated back to the settlement period were also excavated in area A. Those cultural remains were probably a part of a larger household or settlement area related to larger site already known from previous excavations in the vicinity. The preliminary research indicates a small building and a boundary wall/enclosure, a pathway laid with large flat stones. Artefacts dated back to 9th century suggest processing of garments, clothing, sails and other related fabrics on site. Further research will hopefully give us better understanding of the suggested activity area.

Area B- like all others, was badly disturbed due to later constructions.

Cultural remains dated from 9th -19th century was excavated. The first period of Reykjavíkur Apótek, the first pharmacy in Reykjavík was located on this site. The oldest from 1832 according the written record. Remains from 13th -17th century were impossible to interpret due to lack of preservation. Remains from 9th century were similar to the ones found in the vicinity- Boundary wall and enclosure related to farming and grazing was excavated on the southern and eastern part of the site.

Area C- This area, like all the others, was badly disturbed. Remains dated from 9th -19th century were excavated. Building from 1882 with basement disrupted the majority of the older remains.


Remains from the 17th century which are believed to be a part of Skúli Magnússon company called “Innréttigar” founded in 1715 were found, a working area which preliminary research indicates processing of marine material, craftworking and iron processing dated back to the 9th-13th century.



Mynd 10. Borkjarni úr nyrðri hluta MR túnsins í miðbæ Reykjavíkur. Í kjarnanum má sjá torflag.  
Ljósmynd: Lisabet Guðmundsdóttir.

## 2.9 Könnun mannvistarleifa austan Lækjar

<b>Leyfishafi:</b> Lísabet Guðmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016060027	<b>Númer Þjóms:</b> 2018-88
<b>Staðsetning:</b> A 357074 N 408129	<b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 21.6.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 18.8.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> víssindarannsókn	<b>Aðferð:</b> borun



Upphaf verkefnisins má rekja til rannsóknar sem fram fór á lóð Lækjargötu 10-12, þar komu í ljós mannvirki frá 10. til 11. öld ásamt yngri minjum. Sá fundur leiddi til þess að endurhugsa þarf búsetumynstur Reykvíkinga á fyrstu öldum Íslandsbyggðar og gera má ráð fyrir að búseta leynist mun víðar en áður var talið. Rannsókn þessi fellst í því að kanna óbyggð svæði í Kvosiinni og holtunum að austan- og vestanverðu. Í fyrsta hluta verkefnisins voru svæði könnuð austan Lækjar.

Rannsóknarsvæðið afmarkaðist af Mæðragarðinum, túninu fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og syðsta hluta Bakarabrekunnar. Jarðvegsbor var notaður til að bora fyrir jarðvegskjörnum sem gefa til kynna hvort mannvist sé að finna undir sverði. Í flestum kjörnum var mannvist að finna en hún var mismikil. Í Bakarabrekunni var lítið um mannvist að austanverðu en að vestanverðu voru torflög mögulega með landnámslaginu í. Hins vegar ber að taka þær niðurstöður með varúð þar sem miklar framkvæmdir áttu sér stað við breikkun Lækjargötu árið 1949 sem kunna að hafa raskað svæðinu alfarið. Í túninu fyrir framan MR fundust tvö svæði þar sem mannvirki kunna að hafa verið. Í norðurenda voru torfrík lög sem hægt var að aldursgreina bæði fyrir og eftir 1500. Að sunnanverðu voru einnig torfrík lög með 1226 gjóskunni í torfi og í einum kjarna var 1500 gjóskan yfir torfinu. Bæjarstæði Stöðlakots er í um 50 m fjarlægð frá þessum mannvistarleifum og þær gætu bent til þess að hjáleigan sé eldri en áður var talið. Það væri verðugt rannsóknarefni að aldursgreina hjáleigur Víkur og kanna hvort hægt sé að rekja aldur þeirra til miðalda.

Í Mæðragarðinum hefur að öllum líkindum verið blautt tún og fundust ekki ummerki um byggð á því svæði. Hins vegar voru ruslalög í suðurenda garðsins sem ekki var hægt að aldursgreina auk þess var ekki í öllum tilfellum hægt að bora niður á óhreyfðan jarðveg. Í miðjum garði var áður Skálholtslind en ekki er vitað hvort hún hafi verið þar frá landnámi. Ef svo hefur verið þá kann staðsetning lindarinnar að hafa haft með það að gera hvar skálanum var valinn staður.

Þessi rannsókn gefur til kynna hvar áður óþekkt mannvist og mannvirki eru að finna. Auk þess gefur hún vissa hugmynd um hvernig umhverfið var og hefur breyst í gegnum tíðina. Til að mynda hefur svæðið fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur blásið á einhverjum tímapunkti en nyrsti og og syðsti hluti þess varðveisist vegna mannvirkjanna sem þar stóðu.

### **English Summary**


The aim of this research was to core unbuilt areas in the centre of Reykjavík to map the settlement area and younger remains. The research area was bordered by Mæðragarður in the south, Bakarabrekkan in the north, and the garden in front of Menntaskóli Reykjavíkur in the middle. A probe was used for coring and occupational layers were found in most of the cores. In the Bakarabrekka area the evidence for occupation was scarce due to construction work in 1949. In the area west of Menntaskólinn í Reykjavík two areas were found to be rich with turf, possibly from structures. The areas could be dated to both before 1500 and after. That does suggest that occupation was either there or close by prior to the fall of the 1500 tephra and also after. In Mæðragarður the soil was very wet and stiff so it was almost impossible to push the probe through the soil but midden layers were identified. In the middle of the garden was a spring called Skálholtslind, if it has been there since the settlement it could have been one of the reasons why the long-house was situated in modern day Lækjargata.



Mynd 11. Raskaðar leifar móósku og grjóthleðslu. Horft í vesturátt, að Laugavegi 2. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

## 2.10 Laugavegur 4-6

<b>Leyfishafi:</b> Ragnheiður Traustadóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Antikva ehf.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016020011	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-93
<b>Staðsetning:</b> A 357317 N 408135	<b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 04.02.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 04.02.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdaeftirlit	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir




Við vettvangsrannsókn fundust afar brotakenndar minjar beint undir malbiki en sennilega hafa öll ummerki um eldri minjar horfið þegar húsið á Laugavegi 4-6 var byggt á sínum tíma. Við rannsóknina kom í ljós fokmold með örlitlum kolaleifum, rusla- og móóskulög, sennilega frá 20. öld en þau voru afar blönduð. Í þeim var m.a. steinull, þakflísar og steinkol. Einnig sáust raskaðar grjóthleðslur með stefnuna austur-vestur en þær gætu hafa verið hluti af húsagrunni eða gerði. Afar stutt er niður á náttúrulega klöpp á þessu svæði eða um 60-70 cm þar sem er dýpst.

### **English Summary**

During excavation the site Laugavegur 4-6 revealed very fragmented remains. Traces of older remains likely disappeared when the house at Laugavegur 4-6 was built. The excavation revealed a wind-blown layer with some coal remains, a midden layer probably from the 20th century, a small peat ash layer that was disturbed by mineral wool, and a stone foundation (facing east-west) of a building or a boundary wall of some sort. The remains were mostly disturbed and difficult to make any sense out of the fragmented archaeology. Midden layers were on top of the stone foundation and the peat ash layer had been disturbed by a hot water supply pipe. There was also a cemented plate over the stone foundation and the peat ash layer. The bedrock in this area lies quite shallow or about 60-70 cm deep.



Mynd 12. Árbær í Reykjavík. Yfirlitsmynd af skurði 1 tekin í vesturátt. Ljósmynd: Margrét Björk Magnúsdóttir.



## 2.11 Fornar rætur Árbæjar

<b>Leyfishafi:</b> Sólrun Inga Traustadóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> N/A
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016060078	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-42
<b>Staðsetning:</b> A 362653 N 404777	<b>Póstnúmer:</b> 110 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 27.6.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 30.10.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> vínsendarrannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir

Markmið vettvangsrannsókna var að staðsetja minjar á gamla bæjarstæði Árbæjar (innan túngarðs skv. túnakorti frá 1916) og ekki fjarlægja nema efstu yfirborðslögin. Grafnar voru fimm könnunarskurðir á bæjarstæðinu þar sem grunur lék á að finna maetti mannvirki frá mismunandi tímum og öskuhaug bæjarins. Í öllum skurðunum var að finna fornleifar.

Helstu niðurstöður vettvangsrannsókna á bæjarstæði Árbæjar eru eftirfarandi: Skurður 1 (1 x 8,30 m) - Mikið af grjóti kom í ljós sem er sennilegast úr púkki og veggjum hlöðu sem stóð á þessum stað til ársins 1949 þegar hún fauk. Grjótið var teiknað upp og mælt en ekki fjarlægt.

Skurður 2 (1 x 5 m) - Vatnsinntak og fyllingar í tengslum við það sem var lagt á árunum 1969-74. Þegar fyllingarnar höfðu verið fjarlægðar í miðjum skurðinum, á um 1,5 m dýpi, kom í ljós neðst í vesturenda skurðarins steinhleðsla og enn neðar í norðursniði kom í ljós 15 sm þykk torfhleðsla með landnámsgjóska. Miðaldalagið (frá árinu 1226) liggr yfir báðum þessum hleðslum. Einnig var steinhleðsla ofarlega og austast í skurðinum og tilheyrir hún sennilega húsum sem sjást á túnakorti (1916). Greinilegt er að gerð og frágangur við vatnsinntakið hefur raskað þeiri byggingu vestan við hleðslurnar.

Skurður 3 (1 x 7 m) - Öskuhaugur kom í ljós grunnt undir yfirborði sem samanstendur af ljósrauðum móöskuleifum, kolum, ösku og brenndum beinum. Einungis var grafið niður að öskuhaugnum og því engin jarðög fjarlægð. Við hreinsun komu þó í ljós nokkrir gripir; bordhnífur úr járni með skafti úr við og kopar, dýrabein og lítill pinni úr steini. Haugurinn er um 1,5 - 2 m hárr og hátt í

15 m í þvermál (séð út frá yfirborði). Öskuhaugurinn er sennilegast raskaður að hluta þar sem smiðja var byggð inn í hauginn austantil á árunum 1962/63.

Skurður 4 (1 x 5 m) - Skurðurinn var tekinn í hól upp við kirkjugarðsvegginn (byggður 1962/63) en efst í skurðinum er að finna raskaðar torfleifar, annars végar með Miðaldagjóskunni (frá 1226) og hins végar torfeskellur með Kötlu 1500. Neðar í skurðinum var að finna torfvegg með grjóthleðslu sem innhélzt einungis Miðaldagjóskuna. Suður af veggnum var gólf sem tekin voru tvö sýni úr. Byggingin sem veggurinn og gólfíð tilheyra er talin tengjast dýrahaldi á bænum.

Skurður 5 (1 x 5 m) - Torf- og grjóthlaðinn veggur með gjóska úr Kötlu frá árinu 1500. Neðar í skurðinum var að finna smá móöskudreif í foklagi og neðst var tölувert magn af Kötlu 1500 *in situ*. Veggurinn er talinn vera gerði eða túngarður.

Niðurstöður vettvangsrannsókna sýna að Árbær á sér mun lengri sögu en ritaðar heimildir greina frá, þ.e. 15. öld, en minjarnar í skurði 2 eru greinilega frá því fyrir 1226 og gæti eldri hleðslan (með LNL) jafnvel verið frá 10. öld.

### English Summary

Five test trenches were made within the infield boundaries of the Árbær farm mound, (according to a map of the farm from the year 1916- Túnakort) with the purpose of locating archaeological remains within the mound. Archaeological remains were discovered in all five trenches, but only top layers and/or disturbed layers were removed. The results were as follows:

Trench 1 – Stone foundation of a barn that was swept away by strong winds in 1949.

Trench 2 – Turf and stone structures from various time periods. Stone wall that belongs to farm buildings from the 20<sup>th</sup> century. Two walls clearly date to an earlier period – situated below the 1226 tephra *in situ*. The lower and older wall (only visible in the northern profile of the trench) contains the settlement tephra and is approx. 15 cm thick. The later wall is in the bottom of the trench and contains four stones, one slightly disturbed from later activity in the area.

Trench 3 – The old midden. A knife with wooden and copper handle was retrieved at the top of the midden. Other artefacts were copper plates of unknown origin, glass and animal bones – some burnt. No deposits were removed, the top surface of the midden was only cleaned and recorded. It could be about 15 m in diameter and 1,5 -2 m in depth. A 20<sup>th</sup> century smithy has been built slightly into the midden at the south end so some part of it is most likely disturbed.

Trench 4 – Turf wall with tephra from the year 1226 and floor. Floor samples were taken for further analysis to determine the purpose of this building, which is probably an out-house of some sort, for animal keeping.

Trench 5 – Turf wall with traces of tephra K-1500. Most likely an enclosure for animals. On a lower level small amount of peat ash and charcoal were recorded and at the lowest point of the trench (south end) is Katla 1500, *in situ*.

The earliest written sources about the farm date to 15<sup>th</sup> century but the archaeological remains in trench no. 2 clearly show that there were buildings there sometime before AD 1226, possibly dating even back to the 10<sup>th</sup> century.


### 3. Vesturland



Mynd 13. Mannviki 2 í hitaveituskurði í landi Stóru Drageyrar í Skorradal. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

#### 3.1 Fornleifarannsókn á mannvistarlögum í hitaveituskurði í landi Stóru Drageyrar í Skorradal

<b>Leyfishafi:</b> Lísabet Guðmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016050085	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-32
<b>Staðsetning:</b> A 378487 N 448706	<b>Póstnúmer:</b> 311 Borgarnes
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 6.6.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 14.6.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Í maí 2016 var grafinn skurður fyrir nýrri hitaveitulögnum í landi Stóru Drageyrar í Skorradal. Skurðurinn lá í gegnum tún og norðurjaðar bæjarhóls Stóru Drageyrar og var alls um 200 m. Skurðurinn var grafinn án vitneskju Minjastofnunar og létu fornleifafræðingar sem áttu leið um svæðið vita af framkvæmdunum. Í kjölfar þess fór starfsmaður Minjastofnunar á svæðið, stöðvaði framkvæmdir og krafðist rannsóknar á þeim mannvistarleifum sem komið höfðu fram í skurðinum.

Mannvistarleifar voru sýnilegar í stórum hluta skurðarins og voru þau hvað þéttust í jaðri bæjarhólsins og áfram til vesturs. Tvö mannvirkir, sem engin merki sáust um á yfirborði, komu í ljós í skurðinum. Mannviki 1 er úтиhús sem reist var á grunni eldra mannvirkis sem kann að hafa verið íveruhús. Mannviki 2 er lítil bygging með eldstæði en hlutverk þess er óþekkt. Ekki var unnt að aldursgreina minjarnar þar sem ekki voru gjóskulög til staðar. Miðað við afstöðu jarðlaga og gripa er ljóst að yngstu minjarnar eru frá 19. til 20. öld en aldur eldri minja er óvís.

### **English Summary**

In May 2016 a trench was dug for hot water pipes through the land of Stóra Drageyri, Skorradalur. The trench was dug through the home field and northern edge of the farm mound and was in total 200 m. An archaeologist happened to be in the area and spotted the ongoing construction work. The archaeologist contacted Minjastofnun and it became evident that the Agency had not been informed about the imminent construction work in the area. The work was stopped and archaeologists were called on site to conduct research on the archaeology visible in the section of the trench.


Occupational layers were visible in large part of the trench but were densest at the edge of the farm mound and to the west. Two buildings could be seen in the section of the trench. Building one was an outhouse which was built on top of an older structure. Building two was a small building with a hearth but it is not known what it was used for since only small part of it was excavated. The buildings are most likely from the 19<sup>th</sup> and 20<sup>th</sup> century but it was not possible to establish the age of the older structures that were visible in the trench.



Mynd 14. Opinn skurður í nágrenni Bæjarkirkju í Borgarfirði. Ljósmynd: Kevin Martin.

### 3.2 Eftirlit með lagningu ljósleiðara í Bæjarsveit, Borgarbyggð

<b>Leyfishafi:</b> Kevin Martin	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> N/A
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017020106	<b>Númer Pjóms:</b> 2017-74
<b>Staðsetning:</b> A 378012 N 460355	<b>Póstnúmer:</b> 311 Borgarbyggð
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 6.12.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 8.12.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Vegna lagningar ljósleiðara í Bæjarsveit gerði Minjastofnun þá kröfu, að undangenginni fornleifaskráningu á framkvæmdasvæðinu, að haft væri eftirlit með framkvæmdinni á tveimur stöðum: við Bæjarkirkju og Hellur. Niðurstöður eftirlitsins voru eftirfarandi:

Bæjarkirkja. Gamall rafmagns- og símaskurður var endurgrafinn eftir Bæjarvegi (5120). Skurðurinn var 0,70 m á breidd og dýptin var frá 0,40-0,60 m.

Jarðvegurinn var laus möl og sandrík. Engin mannvistarlög sáust á meðan á greftrinum stóð. Nokkrir nútíma hlutir fundust í uppfyllingunni þar með talið glerflöskubrot, keramikbrot og beinbrot, talið vera af dýri. Einn fornleifafundur var í uppfyllingunni í skurðinum og var það leirkersbrot úr íláti. Allir munir fundust á minna en 0,25 m dýpi og eru ekki taldir vera í samhengi í uppgreftrinum eða úr upprunalegum jarðlögum. Leirkersbrotið er líklega frá 1590 til 1790 AD.

Hellur. Hérna var eina túnsvæðið sem fylgst var með meðan var grafið. Alls þrír skurðir voru opnaðir við Hellur. Fyrstu tveir voru (T1) 5,0 x 0,7 x 0,70 m og

(T2) 7,0 x 0,7 x 0,7 m. Engar fornleifar fundust sem benda til undirliggjandi jarðlaga. Lögin sem voru skráð undir yfirborðslaginu voru rauðbrúnn, finkorna leir (0,20 m dýpt) og fyrir neðan hann er ljósgrár leir niður á 0,7 m. Lögin sýna að svæðið hefur verið myrlent og blautt.

Skurður (T3) var sá lengsti sem var opnaður við Hellur (30 x 0,7 x 0,60 m) og lá nokkurn veginn N-S. Engar fornleifar eða munir fundust í skurði 3.

### **English Summary**

In connection with a routing of a fibre optic line in Bæjarsveit a watching brief was carried out in two areas along the route. Archaeological survey had indicated that archaeological remains could be unearthed in these areas during the construction work.


Area 1. Bæjarkirkja locality. The trench previously cut for the electric street lights and phone cables a number of years ago was re-excavated along Bærarvegur (5120). The trench width was 0,7 m and its depth varied from 0,4 – 0,6 m. Its fill comprised a loose gravel and sandy rich fill. No archaeological features were observed during the excavation of this trench. A few modern finds were recorded in the backfilled deposit within the trench and these included a modern glass bottle base fragment, modern ceramic fragments and what is interpreted to be a fragment of an animal bone. One archaeological find was recovered from the back fill of the trench and comprised a stone ware body sherd. All finds were recovered from less than 0,25 m depth and are not considered to be contextualised or from *in situ* archaeological features. The stoneware sherd likely dates between 1590-1790AD. Its recovery from the trench near Bæjarkirkja indicates activity in the area during the period between 1590 and 1790 and after.

Area 2. Hellur. This was the only greenfield site excavation archaeologically monitored during the works. In total three trenches were opened at Hellur. The first two measured (T1) 5 x 0,7 x 0,7 m and (T2) 7 x 0,70 x 0,7 m. These produced no archaeological material but did give an indication of the underlying geological layers. The layers recorded under topsoil included a reddish brownish silty clay (0,2 m depth) and below this a light grey clay down to 0,7 m. The layers evidenced that the area was marshy and waterlogged.

Trench (T3) was the longest trench opened at Hellur (30 x 0,7 x 0,6 m) and ran roughly N-S. The layers recorded included natural gravels and high inclusions of rock. No archaeological artefacts or features were recorded in Trench 3.



Mynd 15. Arnarstapi. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið, prufuskurðir merktir inn. Ljósmynd: Kevin Martin.



### 3.3 Arnarstapi – Commodity Entanglement – The archaeology of the danish trade monopoly

<b>Leyfishafi:</b> Kevin Martin	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070020	<b>Númer Pjóms:</b> 2016-47
<b>Staðsetning:</b> A 280318 N 482265	<b>Póstnúmer:</b> 356 Snæfellsbæ
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 12.9.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 23.9.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni

Rannsóknin er hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni sem kallast “Commodity Entanglement: the Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787”.

Fjórir prufuskurðir og ein prufuhola voru grafin að Arnarstapa til að rannsaka meintar leifar húss danska verslunarmannsins á staðnum. Frá því á níunda áratugnum hafa fundist á svæðinu leifar af krítarpípum frá 17. og 18. öld sem styrkir þá kenningu að þarna hafi hús kaupmannsins staðið.

Allt að 40-50 kjarnar voru teknir á rannsóknarsvæðinu með 1 m millibili til að rannsaka minjar og jarðlög þau sem finnast undir yfirborði. Skurður 1 var 1,10 x 1,10 m að stærð, skurður 2 var 2 x 1 m, skurður 3 var 0,9 x 0,9 m, prufuhola 4 var 0,4 x 0,4 m og skurður 5 var 1,1 x 1,1 m að stærð. Hver skurður var á milli 0,5 og 1 m að dýpt. Í skurðum 3 og 5 fundust minjar - steinlöögð stétt eða gólf. Fundir úr jarðlöögum yfir stéttinni benda til 17. aldar sem byggingartíma hennar.

Krítarpípubrot fannst í tengslum við stéttina með stimpli WH, sem bendir til framleiðslu, annaðhvort 1677 af Willem Hansen eða 1698 af Willem Heijndricksen. Ekki hefur verið staðfest hvort stéttin hafi verið innandyra eða utan. Líklega er stéttin tengd verslun á Arnarstapa á 17. öld. Rannsóknir með kjarnabor benda til að stéttin sé stærri en það svæði sem skurðir 3 og 5 ná yfir. Stéttin fannst á 0,4 m dýpi. Ekki fundust leifar bygginga í skurðum 1 og 2 en töluvert af gripum fannst í meira eða minna einsleitum moldarlögum. 38 fundarnúmer voru gefin út á vettvangi en heildarfjöldi funda er í kringum 100. Fundir voru krítarpípubrot, leirkersbrot, múnsteinsbrot, bein, járn, tinna og gler. Textílbútur fannst einnig, neðarlega í skurði 2.


## English Summary

Four test trenches and one test pit were excavated at Arnarstapi in order to investigate the alleged remains of the Danish merchant's house at Arnarstapi. Since the 1980's fragments of clay pipes from the 17<sup>th</sup> and 18<sup>th</sup> centuries have been found at the site which strengthen the hypothesis of the location of the merchant's house.

Up to 40-50 cores were put in across the site at 1 m intervals in an attempt to define the underlying archaeology, soil layers and to obtain an approximate distribution of any underlying stone structures. Trench 1 measured 1,1 m x 1,1 m, Trench 2 measured 2 x 1 m, Trench 3 measured 0,9 x 0,9 m, Test pit 4 measured 0,4 x 0,4 m and Trench 5 measured 1,1 x 1,1 m. On average each test trench varied in depth from 0,5-1 m. Trenches 3 and 5 produced archaeological remains in the form of purpose built dry stone platform, floor layer or walkway. Artefacts uncovered in the fills directly above the stone platform layer indicated a likely 17<sup>th</sup> century date for its construction. A clay pipe bowl found in the upper fill of trench 5 was marked with a "WH" stamp representing either Willem Hansen 1677 or Willem Heijndrickse 1698. Currently, it is not established whether this was internal or external feature. It is likely that this feature was connected with the Danish trading activity at the site in the 17<sup>th</sup> century. Coring indicated that this stone platform is likely to have extended beyond the area of trench 3 and 5. It was located at a depth of 0,4 m within each trench. In relation to trenches 1 and 2, although no stone or structural remains were uncovered, they did produce a number of archaeological finds within their mostly homogenous dark brown silty layers. 38 finds numbers were issued during the fieldwork but the total amount of individual finds recovered is likely to be c. 100. These included clay pipe stem & bowl fragments, red ware pottery sherds, brick, bone, iron, flint and glass. A piece of textile was also recovered from the lower fills of trench 2.



Mynd 16. Yfirlit yfir leifar bæjarhóls Miðvalla á Snæfellsnesi. Upp á myndinni snýr til norðvesturs.  
Ljósmynd: Kevin Martin.



### 3.4 Miðvellir - Commodity Entanglement - The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787

<b>Leyfishafi:</b> Jakob Orri Jónsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070042	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-53
<b>Staðsetning:</b> A 276092 N 480789	<b>Póstnúmer:</b> 356 Snæfellsbær
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 22.8.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.8.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> vínsendarannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni

Rannsóknin er hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni sem kallast “Commodity Entanglement: the Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787”.

Tilgangur rannsókna að Miðvöllum sumarið 2016 er að staðsetja og rannsaka öskuhaug bæjarins að Miðvöllum til að kanna félagslega stöðu bæjarins sem og neyslumenjur ábúenda. Verður leitast við það með rannsóknum á þeim gripum sem finnast í öskuhaugnum.

Borkjarnar voru teknir á því svæði þar sem grunur lá á að leifar bæjarhólsins væru, sem rutt var úr vegi vegaraðar einhvern tímum á árunum 1956-58. Mikið var um grjót á svæðinu og reyndist því erfitt að fá góða kjarna. Það tókst þó að lokum og sáust þá greinileg viðaröskulög í tveimur kjörnum. Ákveðið var að taka skurð þar, 1 x 1 m að stærð. Kom þar í ljós torf og grjóthrun frá því að bæjarhúsunum var rutt og sást yfirborðið frá 1956-58 greinilega þar undir.

Undir gamla yfirborðslaginu var komið niður á öskuhaug, sem reyndist um 0,47 m að þykkt en skurðurinn varð í heild 0,92 m að dýpt.

Allt það efni sem grafið var upp var sigtað með það fyrir augum að hámarka gripafundi, sem reyndust nokkrir. Frumgreining á gripasafnинu sem upp kom úr rannsókninni bendir til að öskuhaugurinn sé frá 17. öld, líklega síðari hluta þeirrar aldar.

Borkjarnar voru teknir á fleiri stöðum í túni Miðvalla en enginn þeirra leiddi í ljós greinileg merki um mannvistarlag.

### **English Summary**

The aim of the research is to locate and investigate the midden of the farm Miðvellir in order to look into the social position of the farm as well as the inhabitants' consumption patterns. The artefacts retrieved by the excavation will be important in that research.


Cores taken into the suspected location of the Miðvellir farm mound, which was bulldozed in connection to road construction sometime in the years 1956-58, revealed a great number of rocks under the surface that made it difficult to get informative cores. Eventually, two good cores revealed the presence of a wood ash layer and a trench, 1 x 1 m in size, was excavated at their location. The trench revealed turf and rock collapse from the bulldozing of the farmhouses and under them the surface from 1956-58 was clear. Under the old surface there were midden deposits, which were 0,47 m thick, but the trench was 0,92 m in total depth.

All excavated material was sieved in hope of maximising find recovery, which led to a decent number of finds recovered. Preliminary finds analyses indicate a date of the late 17<sup>th</sup> century for the midden.

Cores were taken in several other places in the home field of Miðvellir but only those taken in the farm mound revealed any indication of human occupation layers.



Mynd 17. Yfirlitsmynd af túni Hólahóla á Snæfellsnesi. Horft til norðvesturs. Ljósmynd: Kevin Martin.



### 3.5 Hólahólar - Commodity Entanglement - The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787

<b>Leyfishafi:</b> Jakob Orri Jónsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070044	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-52
<b>Staðsetning:</b> A 265459 N 485084	<b>Póstnúmer:</b> 356 Snæfellsbær
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 22.8.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.8.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> vínsendarannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni

Rannsóknin er hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni sem kallast “Commodity Entanglement: the Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787”.

Tilgangur rannsókna á Hólahólum sumarið 2016 er að staðsetja og rannsaka öskuhaug bæjarins á Hólahólum til að kanna félagslega stöðu bæjarins sem og neysluvenjur ábúenda. Verður leitast við það með rannsóknum á þeim gripum sem finnast í öskuhaugnum.

Í borkjörnum sem teknir voru utan í bæjarhól Hólahóla vestanmegin sáust ljós öskulög undir yfirborði. Var tekinn könnunarskurður, 1 x 1 m að flatarmáli og 0,85 m að dýpt, í bæjarhólinn, utan við bæjartóftirnar. Á um 0,2 cm dýpi var komið á viðaröskulag og reyndist öskuhaugurinn því um 0,65 m að dýpt, en undir var náttúrulegt lag mýrarbrunnins torfs.

Allt það efni sem grafið var upp var sigtað með það fyrir augum að hámarka gripafundi, sem reyndust tölverðir. Frumgreining á gripasafninu sem upp kom úr rannsókninni bendir til að öskuhaugurinn sé frá 17. öld, líklega síðari hluta þeirrar aldar.

Borkjarnar voru teknir á fleiri stöðum í túni Hólahóla en enginn þeirra leiddi í ljós greinileg merki um mannvistarlag.

#### English Summary

The aim of the research is to locate and investigate the midden of the farm Hólahólar in order to look into the social position of the farm as well as the inhabitants' consumption patterns. The artefacts retrieved by the excavation will be important in that research.

Cores taken in the western edge of the Hólahólar farm mound revealed the presences of midden material and as a result a trench, 1 x 1 m in size and 0,85 m in depth, was placed in the edge of the farm mound, close to the farmhouse ruins. A layer of wood-ash was discovered at a depth of 0,2 m and the midden was therefore 0,65 m in thickness. Underneath was a layer of naturally occurring bog-burnt turf.

All excavated material was sieved in hopes of maximising find recovery, which led to a good number of finds recovered. Preliminary finds analyses indicate a date of the late 17<sup>th</sup> century for the midden.


Cores were taken in several other places in the home field of Hólahólar but only those taken in the farm mound revealed any indication of human occupation layers.



Mynd 18. Öndverðarnes á Snæfellsnesi. Horft til suðurs. Ljósmynd: Tom Ryan.

### 3.6 Identifying 15<sup>th</sup> century sites in Snæfellsbær

<b>Leyfishafi:</b> Nikola Trbojevic	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016080023	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-92
<b>Staðsetning:</b> A 269700 N 499803	<b>Póstnúmer:</b> 360 Snæfellsbær
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 17.8.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 22.8.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> borun




Með þessari rannsókn var vonast til þess að finna fornleifar á svæðinu í grennd við Gufuskála frá sama tíma og Gufuskálaverstöðin frá 15. öld. Markmiðið var að skilja betur hlutverk Gufuskála í 15. aldar þjóðfélaginu og hver tengsl staðarins voru við nágrennabyggðirnar á Snæfellsbæjarsvæðinu á þessum tíma. Tekin voru jarðvegssýni með kjarnabor á líklegum fornleifasvæðum við Öndverðarnes og á Hellissandi í þeim tilgangi að leita að ruslalögum með vel varðveittum lífrænum efnum. Því miður voru ruslalögin sem fundust rýr og ekki nothæf til frekari rannsókna.

#### English Summary

With this research we hoped to identify archaeological sites in the area around Gufuskálar which are contemporary with the 15<sup>th</sup> century fishing station. Our larger goal is to better place Gufuskálar into the social context of 15<sup>th</sup> century Iceland and to understand the relationship of the site with its neighbours in the larger Snæfellsbær area. We cored potential ruins at the farm of Öndverðarnes and the town of Hellissandur looking for midden deposits with well-preserved organic preservation. Unfortunately, all midden deposits recorded were thin sheet middens and not suitable for further exploration for this project.



Mynd 19. Rústir við Bjarnarhöfn. Loftmynd af könnunarskurðum. Ljósmyndari: Vilmundur Pálmason.



### 3.7 Bjarnarhöfn

<b>Leyfishafi:</b> Lilja Björk Pálsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslans ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070026	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-51
<b>Staðsetning:</b> A 313960 N 506249	<b>Póstnúmer:</b> 341 Stykkishólmur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 14.7.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.7.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> vínsendarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur

Fáir minjastaðir og mannvirki frá 15. -17. öld hafa verið kerfisbundið rannsakaðir á Íslandi. Sama á við um Hansatímabilið svokallaða. Hingað til hafa engir verslunarstaðir tengdir þýskum kaupmönnum verið grafnir upp á íslandi og því er skipulag þeirra og gerð ekki þekkt.

Markmið vettvangsvinnunnar var að svara eftirtöldum spurningum:

- Eru þetta leifar verslunarstaðar Oldenborgara?
- Hvernig er varðveisla minjanna?
- Hvers eðlis eru mannvirkin? Eru þetta leifar íbúðarhúss kaupmanns, vörugeymslur eða hluti af hafnarmannvirkjum?
- Hvenær var staðurinn í notkun?
- Hvaða byggingarefni voru notuð?

Tvö mannvirki eru sjáanleg á yfirborði og voru könnunarskurðir grafnir í bæði. Þá voru einnig teknir borkjarnar umhverfis mannvirkin.

Helstu niðurstöður eru þær að gripir fundnir benda til að mannvirkin eru líklega samtíða og frá tíma Oldenborgara. Annað er mögulega íveruhús, með gólf lagi og eldstæði en hitt er líklega einhverskonar geymsla eða skemma. Í því sáust ekki merki um gólfög eða eldstæði en botninn var hinsvegar malarkenndur og því góður til geymslu varnings.

## English Summary

There are only very few sites and structures of the 15th to 17th centuries in Iceland that have been subject to systematic archaeological fieldwork. It is for the first time that the German trading period of Iceland is systematically investigated. No German trading sites have hitherto been excavated and hence it is unknown how these sites look like and how they operated.

The objectives for the fieldwork include:


- Are these the remains of the Oldenburg trading station?
- How is the preservation at the site?
- What is the nature of the structures? Are these remains of merchant's dwellings or storage rooms or part of a harbour structure?
- When was this site in use?
- What building methods were applied?

Since two building-like structures are visible on surface, test trenches were dug through each of the structures. Systematic coring was also applied in specific areas to assess the function and date of the ruins.

Main results are that the structures are most likely contemporary and from the Oldenburg era. One of the structures is a dwelling, with distinct floor layers and a fireplace. The other structure resembles a storage or working area with gravelly floor. No evidence of floors or fireplaces were seen in the trench dug in this structure.



Mynd 20. Helgafell í Helgafelssveit. Staðsetning könnunarskurða. Ljósmynd: Landmælingar Íslands/Vala Gunnarsdóttir.



### 3.8 Helgafell – Klaustur á Íslandi


<b>Leyfishafi:</b> Steinunn Kristjánsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands/Pjóðminjasafn Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016040049	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-11
<b>Staðsetning:</b> A 324382 N 509819	<b>Póstnúmer:</b> 340 Helgafelssveit
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 15.5.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 20.5.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> víbindarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir

Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var á Helgafelli árin 1184-1543. Grafnir voru tveir könnunarskurðir á jörð Helgafells að þessu sinni. Ekki fundust byggingarleifar í þeim en í könnunarskurði 2 kom í ljós þykkt móóskulag og svart lag sem virtist vera ruslag. Við var að búast að mannvist fyndist á svæðinu enda var könnunarskurðurinn tekinn á bæjarstæðinu. Engin gjóskulög var að finna í skurðinum til að ákvarða aldur minjanna en sýni sem var sent til kolefnaaldursgreiningar sýnir að minjarnar eru frá klausturtíð og síðar, en óvist er hverju þær tengjast, klaustri eða bæ. Ljóst er að búseta hefur haldist á sama stað í gegnum aldirnar á Helgafelli.

#### English Summary

The aim of the research was to search for the ruins of the monastery that operated in Helgafell in 1184-1543. Two test pits were dug at Helgafell in 2016. No building remains were found in the test pits. In test pit number 2 a thick peat ash layer was found and also a dark midden layer. This was as expected because the test pit was located on the farmstead. No tephra layers were to be found in the test pit to determine the age of the layers, however a sample was sent to carbon dating analysis and the results show that the remains in test pit 2 are from the monastic time and younger. It is however unclear if the remains are from the monastery or a farm. It's clear that buildings at Helgafell have remained in the same location for centuries.

## 4. Vestfirðir



Mynd 21. Unnin yfirlitsmynd (orthomosaic) af skipsflakinu Melckmeyt í Flatey á Breiðafirði.  
Ljósmynd: Kevin Martin.

### 4.1 Rannsókn á skipsflaki Melckmeyt í Flatey

<b>Leyfishafi:</b> Kevin Martin	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016040098	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-18
<b>Staðsetning:</b> A 317840 N 547732	<b>Póstnúmer:</b> 345 Flatey
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 14.5.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 20.5.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni



Í maí 2016 var gerð neðansjávarrannsóknarkönnun á Melckmeyt sem hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni styrktu af Rannís sem kallast “Commodity Entanglement: the Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787”. Melckmeyt er einstök í fornleifafræðilegu samhengi þar sem það er eina þekkta skipsflakið af verslunarsskipi frá þessum tíma (einokunartíma) á Íslandi. Neðansjávarrannsóknin var fjölbjóðlegt samstarfsverkefni milli neðansjávarfornleifafræðinga frá Íslandi og Hollandi. Rannsóknin var leidd af Kevin Martin (Háskóli Íslands) og í teyminu voru einnig Johan Opdebeeck, Thijs Coenen (Netherlands Cultural Heritage Agency), Fraser Cameron (Háskóli Íslands) og Gunnar Örn Richter (Björgunarsveit Akraness). Frístundakafarar fundu flakið af Melckmeyt árið 1992 og árið eftir var gerð tveggja vikna fornleifarannsókn sem leidd var af Bjarna F. Einarssyni á vegum Þjóðminjasafns Íslands. Var þetta fyrsta neðansjávarfornleifarannsókn sem gerð var á Íslandi. Rannsóknin 2016 opnaði stærra svæði en gert var árið 1993 og voru leifar skipsins skræðar/kortlagðar með ljósmyndun (photogrammetry). Um 50% af flakinu var opnað sem gerði um 85-100 m<sup>2</sup>.

Skipið liggur í norður/suður með skutinn (bow end) í syðri enda rannsóknasvæðisins. Það var augljóst að mikil af skipinu hafði verið tekið til nota í fyrri tið og einnig sýndi viðurinn, sem var hreinsaður fram, merki þess að hafa skemmt vegna viðarétandi sjávarlífvera. Ellefu trjáhringasýni voru tekin úr við frá ýmsum stöðum í flakinu og tvö þeirra (skipsskrokkur and kjölur) voru greind sem eik frá 1629 +/- 6 (skipsskrokkur) og 1624 +/- 7 (kjölur). Kom


viðurinn frá norður Pýskalandi sem stemmir við hollenska skipasmíði frá þessum tíma. Nokkrir gripir fundust við setlagahreinsun, þar á meðal leirkar sem greind voru sem steinleir (brown ware) og faience/majolica. Einnig fannst eitthvað af tinnu og granít ballaststeinum.

### **English summary**

In May 2016, an underwater archaeological survey of Melckmeyt was carried out as part of a three year Rannís funded research project entitled “Commodity Entanglement: The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787”. Melckmeyt is unique in the archaeological context, in that, it is the only known shipwreck of a merchant ship from this period to have been identified in Iceland. The underwater survey was an international collaboration between maritime archaeologists from Iceland and The Netherlands. The project was led by Kevin Martin (University of Iceland) and the team included Johan Opdebeeck, Thijs Coenen (Netherlands Cultural Heritage Agency), Fraser Cameron (University of Iceland) and Gunnar Örn Richter (Rescue Team of Akranes, Iceland). The wreckage of Melckmeyt was first discovered by sports divers in 1992 and the following year in 1993, a 2-week archaeological investigation took place, led by Bjarni F. Einarsson on behalf of Þjóðminjasafn Íslands (The National Museum of Iceland). This importantly represented the first underwater archaeological survey ever carried out in Iceland. Our 2016 survey uncovered and recorded a larger area than was exposed in 1993 and the surviving ships timbers and construction features were recorded through photogrammetry. Approximately 50% of the shipwreck was exposed resulting in an area of between 85-100 m<sup>2</sup>. The ship was found to be orientated N/S with the bow end identified at the southern end of the survey area. It was observed that the ship had likely been heavily salvaged in the past and the exposed timbers showed the effects of deterioration from wood consuming marine organisms. 11 dendro samples were taken from various ships timbers and 2 of these (ships skin & keelson) produced results following dendro-analysis. The 2 samples were identified as oak and returned dates of 1629 +/- 6 (ships skin) & 1624 +/- 7 (keelson), originated from the lower areas of Northern Germany which is consistent with Dutch shipbuilding at this time. A limited selection of finds uncovered during the silt cleaning were identified as brown ware, faience/majolica and some flint/granite ballast stone.



Mynd 22. Rannsóknarsvæðið á Reykhólum fellt inn á loftmynd sem er í eigu Reykhólahrepps.  
Ljósmynd: Loftmyndir ehf.



#### 4.2 KÖNNUNARSKURÐIR Á REYKHÓLUM Í AUSTUR-BARÐASTRANDARSÝSLU

<b>Leyfishafi:</b> Guðrún Alda Gísladóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016080003	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-61
<b>Staðsetning:</b> A 351536 N 553908	<b>Póstnúmer:</b> 380 Reykhólahreppur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 2.8.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 3.8.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur

Vegna framkvæmda í kringum Dvalarheimilið Barmahlíð á Reykhólum fór fram fornleifarannsókn og fornleifauppgöftur á afmörkuðu svæði í norðurtúni Reykhóla. Þrír staðir voru skráðir. Tveir staðanna eru örugglega mannvirki, BA-029:054 og BA-029:056, en óvist er hvers eðlis þriðji staðurinn er, BA-029:055, og þyrfi rannsókn til að skera úr um það. Stærsta mannvirkið og það sem er

mest áberandi í túninu, 054, er af svoltíð sérstakri fjárhústóft, þar sem fjárhúsin eru hvort sínu megin við hlöðu og ef til vill er önnur hlaða við endann. Tóftin 054 er mjög skýr og byggingarlagið bekkt á garðafjárhúsum frá 19. og 20. öld. Að líkendum er þetta mannvirki frá búskapartíð Bjarna Þórðarsonar sem bjó á Reykhólum á árunum 1869-1899 og rak þar geysistórt bú, en var búskap þar hætt fyrir 1920. Lýsing Bjarna á útihúsum sínum er mjög lík því sem lag tóftarinnar sýnir, mörg hús samþyggð. Könnunarskurðir í tóft 054 gefa til kynna að annað byggingarstig en það sem sést á yfirborði sé þar að finna. Engir gripir fundust við rannsóknina, engin eldsmerki sem gefa til kynna að þarna hafi verið híbýli manna og engin sýni voru tekin.

### **English summary**


In connection with construction in the area around Dvalarheimilið Barmahlíð (a pensioners home) a defined area on the north part of the Reykhólar homefield was archaeologically surveyed and three sites indentified. Two are without a doubt structures but a further research is needed to decide the nature of the third. Three test trenches were dug into one of the structures, a sheephouse and probably a barn, in order to detect earlier phases. The structure is likely to be a outhouses built when Bjarni Þórðarsson was a farmer in Reykhólar 1869-1899. No artefacts were found and no samples were taken.



Mynd 23. Hvalskeið í Patreksfirði. Skurður í gegnum meint Pallanaust. Ljósmynd: Birna Lárusdóttir.

#### 4.3 KÖNNUNARSKURÐIR VEGNA ÖRLYGHAFNAR Í PATEREKSFIRÐI

<b>Leyfishafi:</b> Lísabet Guðmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016050013	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-20
<b>Staðsetning:</b> A 276623 N 566348	<b>Póstnúmer:</b> 451 Patreksfjörður
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 11.5.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 11.5.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Til stendur að breikka vegstæði Örlýgsstaðarvegar og vegna framkvæmdarinnar var grafinn könnunarskurður í gegnum mögulegt naust (BA-152:025) sem liggur innan framkvæmdarsvæðis. Einnig voru teknir tveir aðrir skurðir í landi Hvalskers af sömu ástæðu.

Skurðirnar leiddu í ljós að svæðið var verulega raskað vegna túnasléttunar. Hins vegar fundust mögulega hleðslur úr Pallanausti í skurði 01, þær leifar eru þó afar litlar. Í skurði 02 fannst mannvistarlag sem bendir til þess að þar var byggð nálægt en á þeim stað var áður rétt. Ekki fundust ummerki um réttina.

#### English summary

In all three test trenches were dug on the farm Hvalskeið in Patreksfjörður in connection with intended roadwork in the area. In trench 02 there were possible remains of Pallanaust boathouse, if so the structure has been damaged because of road construction and leveling of the heyfield. In trench 02 there were occupational layers but they were disturbed. There were no remains of occupation in trench 03.



Mynd 24. Aðalstræti á Patreksfirði mótt NA. Næst eru Vatneyrarbúð (1916), Símstöðin (1893) og Ólafshús (1896). Ljósmynd: Óskar Leifur Arnarsson.

#### 4.4 Framkvæmdaeftirlit í Aðalstræti á Patreksfirði

<b>Leyfishafi:</b> Óskar Leifur Arnarson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> N/A
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016050025	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-22
<b>Staðsetning:</b> A 269606 N 575553	<b>Póstnúmer:</b> 450 Patreksfjörður
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 10.05.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 19.9.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdaeftirlit	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Sumarið 2016 var farið í endurnýjun á hluta Aðalstrætis á Patreksfirði, milli Eyrargötu og Hlíðarvegs. Því samhlíða var skipt var um lagnir í götunni. Vegna sögu svæðisins og aldurs húsa við Aðalstræti fór Minjastofnun Íslands fram á að fornleifafræðingur sinnti framkvæmdaeftirlit á framkvæmdatíma.

Frá fornu fari hefur verslun verið stunduð á Vatneyri og þangað sóttu kaupmenn frá ýmsum löndum. Staðurinn var viðurkenndur verslunarstaður á einokunartímanum. Eins var legan á Patreksfirði fjölsótt af erlendum sjómönnum sem stunduðu fiskveiðar á svæðinu. Þéttbýlismyndun hófst þar upp úr miðri 19. öld.

Niðri á Vatneyrinni var fremur grunnt á minjum og sums staðar voru þær rétt undir yfirborði götunnar. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að á afmörkuðu svæði á Vatneyri, milli Eyrargötu og Þórgötu, komu í ljós ruslalög sem þrengja staðsetningu gömlu verslunarhúsanna á Vatneyri. Á þessu svæði komu í ljós flestir þeir gripir sem fundust við famkvæmdaeftirlitið. Gripasafnið samanstendur m.a. af krítarpípu-, keramik- og glerbrotum, múnsteinum, gripum úr beini o.fl. Tveir húsgrunnar frá upphafi og fyrri hluta 20. aldar komu í ljós ásamt leyfum af grjóthleðslu sem gæti verið eftir hús á Aðalstræti, milli Þórgötu og Urðargötu. Við gatnamót Aðalstrætis og Urðargötu komu í ljós

steinleðslur sem líklega eru undirstöður brúar sem þar var fram á fyrri hluta 20. aldar. Þá komu víða í ljós grjóthleðslur við Aðalstræti að neðanverðu og eru þær frá því á fyrri hluta eða miðri 20. öld þegar gatan var gerð. Á nokkrum stöðum sjást þessar hleðslur í dag að utanverðu. Neðan við Eyrakirkju (reist 1904), utan kirkjugarðs, voru hleðsluleifar á tveimur stöðum. Þar sem þær voru brotakennar er ekki hægt að segja til um tilgang þeirra en þær gætu verið garðaleifar frá því áður en kirkjan var byggð eða þá einhvers konar grjótræsi til að leiða vatn niður hlíðina. Engir gripir fundust þar til að ákvarða aldur nánar.

### English summary

In 2016, The Cultural Heritage Agency of Iceland decided that archaeological monitoring and rescue excavation was needed as part of construction pipe work, carried out at Aðalstræti-street in Patreksfjörður, NW-Iceland. Some of the oldest houses of Patreksfjörður stand by Aðalstræti and the part of it is historically known as the Vatneyri trade post. The earliest historical records of foreign merchants at Vatneyri are from the late 16<sup>th</sup> century. During the Danish–Icelandic Trade Monopoly from 1604-1784 Vatneyri was a registered harbour. The outer harbour was also widely used by foreign fishing-ships from 18<sup>th</sup> century onward. As with many other Icelandic towns, the urbanisation of Patreksfjörður started in the middle of 19<sup>th</sup> century.

The main results are that on relatively small area between the streets of Eyrargata and Þórsgata, rubbish layers point to the area of the old Vatneyri merchants plot. The finds consist of broken claypipes, ceramic and glass sherds, bricks, artefacts made of bone among other things. Two house foundations from the early 20<sup>th</sup> century were discovered between the streets Þórsgata and Urðargata, and close to Urðatgata a fondation from early 20<sup>th</sup> century footbridge was discovered. Some stone foundation were seen on the lower part of Aðalstræti, from the time the street was laid in early to middle of the 20<sup>th</sup> century. Below Eyrakirkja church, some gathered stones, possible old fieldboundaries or parts of drainage, were found.



Mynd 25. Hrafnseyri við Arnarfjörð. Niðurgröfturinn og veggir til beggja hliða. Veggurinn nær er útflattur. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.



#### 4.5 Hrafnseyri – Arnarfjörður á miðöldum

<b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060064	<b>Númer Pjóms:</b> 2016-54
<b>Staðsetning:</b> A 296240 N 591852	<b>Póstnúmer:</b> 471 Þingeyri
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.8.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.9.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur

Rannsóknin er hluti af verkefninu *Miðaldir í Arnarfirði*, en megin tilgangur þess er að skrá fornleifar og rannsaka valdar minjar um elstu byggð í firðinum.

Rannsóknin hefur staðið yfir síðan 2011 og sumarið 2016 var haldið áfram að grafa við hlið miðaldakirkjugarðsins þar sem könnunarskurður hafði sýnt niðurgröft árið 2015. Sami niðurgröftur kom fram við fjarkönnunarrannsókn árið 2014. Svæðið sem opnað var sumarið 2016 var 3,5 x 5 m. Niðurstöður sumarsins voru þær að þarna er manngerður niðurgröftur. Beggja vegna eru veggir hlaðnir úr torfi. Austurveggurinn, sem liggur fast við vesturenda kirkjugarðsins, er nokkuð heill en kirkjugarðsveggurinn hefur hrunið yfir vegginn. Hinn veggurinn er mjög útflattur, líklega eftir túnasléttun.

Niðurgröfturinn var fylltur upp með ruslagi frá heimilishaldi. Ruslagið samanstóð að mestu af kola og beinaleifum, eða útmokstri úr eldstæði.

Greinilegt er að rusl hafði verið notað til að fylla þessa rás.

Þar sem kirkjugarðsveggurinn lá ofan á heila veggnum var ekki hægt að rannsaka hann frekar þar sem kirkjugarðurinn er friðlýstar fornleifar. Hins vegar voru teknar tvær prufuholar neðar þar sem kirkjugarðurinn náði ekki og í þeim kom í ljós að sami niðurgröftur heldur áfram neðan við kirkjugarðinn og er líka fylltur með útmokstri úr eldstæði. Líklegt er að þessi niðurgröftur sé göng

sem munnmæli herma að hafi legið frá skála og komið út í brekku neðan við bæinn. Örnefnið „Undirgangur“ er á þessum stað í túninu og ritheimildir eru til frá manni fæddum um 1850 sem man eftir gangamunna í brekkunni um 1860-1870. Hann var samanhrunin og yfirgróin um 1900. Næsta skref er að rannsaka þennan niðurgröft frekar og þá neðar og fjær kirkjugarðinum sem er friðlýstur.

### English summary

The research is a part of the project *Arnarfjörður in the Middle Ages*. The project's main goal is to conduct archaeological surveys and excavate selected archaeology dating from the first centuries of settlement in the fjord. The research started in 2011 and the summer of 2016 research continued alongside the medieval cemetery where survey had shown a possible man-made ditch or escape tunnel in a test trench in 2015. Indications of a long trench had also been revealed during remote sensing research in 2014. The area which was opened in the summer of 2016 was 3.5 x 5 m. Results indicate that this is in fact a man-made insertion. On both sides walls are built out of turf. The east turf wall was fairly completed, but the cemetery wall has collapsed over the wall. The west wall was very flattened, probably by grass fields rounding.

The possible tunnel had been filled up with midden layer from households. The midden layer consisted mostly of coal and bone residues, from a fireplace. Clearly, the midden layer had been used to fill this trench or channel.

Since the cemetery wall, had collapsed over the wall beside the possible tunnel it was not possible to examine it further as the cemetery is protected by law. However, two test pits that were made further down the field revealed that the tunnel does continue and has the same midden fill.



Mynd 26. Auðkúla í Arnarfirði. Séð yfir járvinnslusvæðið undir lok rannsóknar. Ljósmynd: Margrét Björk Magnúsdóttir.



#### 4.6 Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum

<b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060065	<b>Númer Pjóms:</b> 2016-54
<b>Staðsetning:</b> A 294566 N 592183	<b>Póstnúmer:</b> 465 Bíldudal
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.8.2016	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.9.2016
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur

Rannsóknin er hluti af verkefninu *Miðaldir í Arnarfirði*, en megin tilgangur þess er að skrá fornleifar og rannsaka valdar minjar um elstu byggð í firðinum.

Rannsóknin hefur staðið yfir síðan 2013 og sumarið 2016 fóru fram rannsóknir á tveimur svæðum á Auðkúlu. Annars vegar á járvinnslusvæði (svæði B) og hins vegar á hringlaga gerði með rúst í miðju sem hefur vinnuheiðið kirkjugardur.

Á járvinnslusvæðinu var opnað svæði sem var 5 x 6 m og fundust við rannsókn þar a.m.k. fjórí járvinnsluofnar og merki um töluberða framleiðslu á járni. Þar fannst líka kolagröf en líklegt er að fleiri kolagrafir séu í nágrenni við járvinnslusvæðið. Svæðið virðist hafa two notkunarfasa og athyglisvert að svo virðist sem torf hafi verið lagt yfir náttúrulegt lag úr ísaldarmulningi áður en framleiðsla hófst. Allt bendir til þess að ofnarnir hafi verið hlaðir úr torfi en neðst var grjóti hlaðið í eins konar pott þar sem járnrið verður til.

Á svæði C var opnað 7 x 8 m svæði. Sumarið 2015 höfðu fundist vísbendingar um grafir í könnunarskurði. Við rannsóknina sumarið 2016 var svæðið stækkað og kom í ljós lítið hús í miðju hringlaga gerði. Gerðið er úr torfi og húsið er í miðju hringsins. Flest bendir til að um bænhús í heimakirkjugarði sé að ræða. Húsið er um 2,5 m á lengd og 2,3 m á breidd. Í kring um húsið má greina niðurgrefti sem gætu verið grafir. Grafið var í eina meinta gröf en engin bein fundust. Þess má geta að varðveislusklilyrði beina eru mjög léleg á Hrafnseyri og

jarðvegur er eins þarna eða grófur jökulruðningur. Áttavísun hússins og niðurgraftanna er austur-vestur sem styður tilgátuna um að þetta sé bænhús í heimagrafreit, líklega frá frumkristni. Rannsókn er ekki lokið á svæðinu.

### **English summary**

The research is a part of the project *Arnarfjörður in the middle Ages*. The project's main goal is to conduct archaeological surveys and excavate selected archaeology dating from the first centuries of settlement in the fjord. The research started in 2014 and the summer of 2016 research was conducted in two areas at Auðkúla. On the one hand the iron processing area (area B), and, on the other hand a circular structure with small house in the centre.

In area B we opened an area of 5 x 6 m and we found remains of at least four iron smelting ovens which indicate a considerable production of iron. We also excavated one charcoal pit and there are most likely more charcoal pits still unexcavated. The area seems to have two-phases and it also seems that turf was laid over the natural layer, consisting of ice age gravel, before production began. Everything indicates that the kilns were built out of turf, but the bottom consisted of stones piled in a kind of pot where the iron was produced.

